

Efnis og byggingalýsing húss:

Undirstöður.

Grafa skal fyrir burðarsúlum niður á burðarhæfan og viðurkenndan botn, burðarsúlur verða úr steinsteypu, sívalar, þvermál minnst 30 sm. Í miðlinu húss verða 4 súlur með sama millibili, á síthvorri hlið verða jafnmargar burðarsúlur. Ofaná miðsúlum komi 2 stk. dregarar úr 2" x 8", festir saman. Á veggburðarsúlum komi 1 stk. dregarar úr 2" x 8". Bitar ofaná dregurum úr 2" x 8" /c 60 sm. Gólf ofaná gólfbitum úr nótuðum rakaheldum spónaplötum 22 mm þykkum, undir spónaplötum sé sett rakavarnarlag úr þolplasti 0,2. Gólf einangrast með 6" þykkri steinull, undir steinull komi olíusoðið maconite eða annað sambærilegt efni, útloftun gólfs 500mm³ á m².

Útveggir.



Burðarstöðir útveggja úr timbri 2" x 5" sem festast með boltum, vinklum og öðrum til heyrandi festingum við fótreyrar og sperrur. Útveggir einangrast með 5" þykkri steinull. Innan á stöðir skal setja þolplast 0,2, sem rakavarnarlag því næst raflagnagrind sem endanleg klæðning festist við. Grenikrossviður, vatnsheldur, 12 mm þykkur neglist utaná útveggjastöðir, á krossvið festast lóðréttar 1" þykkar legtur /c ca. 50-60 sm. Útveggjaklæðning úr fúavörðu timbri klæðist lárétt á legtur.

Gluggar og útihurðar.

Gluggar og útihurðir úr gagnfúavörðu timbri, gluggar með tvöföldu verksmiðjugleri. Timbur á sólverönd gagnfúavarið, gólf í sólpalli fest með ryðfríum skrúfum (AH).


Pak og þakkantar.

Efni og vinna hefðubundið, þaksperrur úr timbri 2" x 7" /c 60 sm, á milli sperra komi 6" þykk steinull og vindpappi að ofan, undir steinull skal setja þolplast 0,2, raflagnagrind og svo endanleg loftklæðningar. Útloftun milli sperra, plaströr 25 mm í hverju sperrubili, staðsett þar sem þak og útveggur skerast saman að ofanverðu. Þakkantar úr fúavörðu bandsöguðu efni. Á sperru neglist 1" þykk timburklæðning, þakpappi og bárujárn.



Samp. 28.11.2000

H. Einarsson



STÆRÐ HÚSS:
STÆRÐ SUMARHÚSS 54,0 M² OG 181,7 M³

| | | | |
|---------------------------------------|--|-------------------------------|-------------------------------|
| SUMARHÚS Í LANDI HÆÐARENDA, GRÍMSNESI | | | |
| GRUNNMYND OG SNID HÚS Á LÖB NR. 1 | | MÁLKVAFDI 1:50 | VERK NR. 6558 TEIKNR. 6.01 |
| TS | TEIKNSTOFA E.G. | DAGS. | REIKN. TEIKN. YFIRF. |
| | NJALL GUÐMUNDSSON, VESTURHÚS 2 112 REYKJAVÍK KT - 090929-3569 S - 5676575 | HÖNNUN 27-9-00 | N.G. N.G. |
| BREIING | | SAMP <i>Njall Guðmundsson</i> | |